

Deloitte.

Skattamál

2013/2014



Skattlagning einstaklinga

I. Tekjuskattur og útsvar

Staðgreiðsla 2014, stighækkandi tekjuskattur

Árstekjur:

Kr. 0-3.480.000 (tekjuskattur 22,86 + meðalútsvar 14,44)	37,30%
Kr. 3.480.001-9.415.428 (tekjuskattur 25,3 + meðalútsvar 14,44)	39,74%
Yfir kr. 9.415.428 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,44)	46,24%

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en kr. 9.415.428 skal það sem umfram er skattlagt með 25,3% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir kr. 9.415.428, þó reiknast 25,3% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en kr. 2.967.714 við þessar aðstæður.

Staðgreiðsla barna yngri en 16 ára

Af tekjum umfram kr. 180.000 (tekjuskattur 4% + útsvar 2%)	6%
--	----

Fjármagnstekjuskattur	20%
--	-----

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	9.911 kr.
--	-----------

Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16–69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2013.

Útvarpsgjald	19.400 kr.
-------------------------------	------------

Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16–69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2013.

II. Frádráttur frá tekjum

1. Persónuafsláttur

Tekjuárið 2013 (kr. 48.485 á mánuði)	581.820 kr.
Tekjuárið 2014 (kr. 50.498 á mánuði)	605.977 kr.

Heimilt er að færa allt að 100% af persónuafslætti milli hjóna og sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist og skráðri samvist. Börn innan 16 ára njóta ekki persónuafsláttar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát.

Skattleysismörk eftir lífeyrissjóðsfrádrátt 2014	1.692.295 kr.
--	---------------

2. Iðgjöld til lífeyrissjóða

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu 4% af heildarlaunum sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum. Auk þess er heimilt að halda utan staðgreiðslu allt að 2% af heildarlaunum vegna viðbótartryggingarverndar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum laga (hækkar í 4% frá og með 1. júlí 2014).

Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skal telja til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk kr. 2.000.000 á ári.

3. Frádráttur á móti ökutækjastyrk

Frá ökutækjastyrk, sem launþega ber að færa til tekna, skal leyfa sem frádrátt tiltekinn kostnað á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda, skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók, þ.m.t. á rafrænu formi. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattfyrirvöldum á hverjum tíma. Frádráttur tekur mið af því hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á hverju akstursbili miðað við hvern ekinn kílómetra, sbr. eftirfarandi töflu.

Heildarakstur í km	Frádráttur á km almennur akstur	Frádráttur á km sérstakur akstur	Frádráttur á km torfæruakstur
0-1.000 km	116 kr.	133 kr.	168 kr.
1.001-2.000 km	114 kr.	131 kr.	165 kr.
2.001-3.000 km	112 kr.	129 kr.	162 kr.
3.001-4.000 km	98 kr.	113 kr.	142 kr.
4.001-5.000 km	96 kr.	110 kr.	139 kr.
5.001-6.000 km	94 kr.	108 kr.	136 kr.
6.001-7.000 km	92 kr.	106 kr.	133 kr.
7.001-8.000 km	90 kr.	104 kr.	131 kr.
8.001-9.000 km	88 kr.	101 kr.	128 kr.
9.001-10.000 km	86 kr.	99 kr.	125 kr.
10.001-11.000 km	82 kr.	94 kr.	119 kr.
11.001-12.000 km	80 kr.	92 kr.	116 kr.
12.001-13.000 km	78 kr.	90 kr.	113 kr.
13.001-14.000 km	76 kr.	87 kr.	110 kr.
14.001-15.000 km	74 kr.	85 kr.	107 kr.
15.001 og meira	68 kr.	78 kr.	99 kr.

4. Frádráttur á móti dagpeningum

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar og er þeim ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili sínu, annars vegar vegna gistikostnaðar ef um hann er að ræða og hins vegar vegna fæðiskaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti fengnum dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum innanlands frá 1. janúar 2014

Gisting og fæði í einn sólarhring	22.355 kr.
Gisting í einn sólarhring	11.555 kr.
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	10.800 kr.
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.400 kr.

Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum erlendis frá 1. janúar 2014 í SDR:

Flokkur 1: SDR	Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
	Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC				120	80	200
Flokkur 2: SDR	159	106	265	102	67	169
Dublin, Ístanbul, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl						
Flokkur 3: SDR	141	94	235	90	60	150
Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín						
Flokkur 4: SDR	125	83	208	80	54	134
Annars staðar						

III. Sérreglur um eignatekjur og arf

1. Almennt um fjármagnstekjuskatt

20% fjármagnstekjuskattur leggst á allar fjármagnstekjur manna utan atvinnurekstrar, svo sem vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, arð af hlutabréfum og stofnsjóðum, leigutekjur og skattskyldan hagnað af sölu eigna. Þó skal ekki reikna skatt af heildarvaxtakekjum að fjárhæð kr. 125.000 hjá einstaklingi. Fjármálastofnunum ber að draga staðgreiðslu af vaxtakekjum og afföllum og skila í ríkissjóð. Félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila og samvinnufélögum ber að draga staðgreiðslu af arði sem þau greiða félagsmönnum sínum og skila í ríkissjóð. Lagt er á aðrar greiðslur er mynda stofn til fjármagnstekna einstaklinga við álagningu næsta ár á eftir tekjuári.

2. Leigutekjur

Hafi maður tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda sem ekki falla undir atvinnurekstur teljast 70% brúttótekna án frádráttar til fjármagnstekna. Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi ef heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemur kr. 29.324.700 eða meira ef um einstakling er að ræða en kr. 58.649.400 ef hjón eiga í hlut. Heimilt er að draga frá leigutekjunum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota hvort sem leigusali ber ótakmarkaða eða takmarkaða skattskyldu hér á landi. Frádrátturinn leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu.

3. Söluhagnaður af hlutabréfum árið 2013

Einstaklingar greiða 20% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa. Söluhagnaður hlutabréfa er mismunur á söluverði og kaupverði.

Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast fyrir 1. janúar 1997 má ákvarða á tvenns konar hátt:

- Jöfnunarverðmæti hinna seldu hluta í árslok 1996, eða
- upphaflegt kaupverð hinna seldu hluta framreiknað til ársloka 1996.

4. Gengishagnaður

Tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt á sér stað við úttekt af reikningi. Heimilt er að jafna saman gengishagnað og gengistap hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

5. Afleiðusamningar

Litið er á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað í stað vaxtatekna/gjalda. Engin staðgreiðsla er því af söluhagnaði afleiðuviðskipta og heimilt er að jafna saman hagnaði eða tapi af sölu afleiðna á tekjuárinu.

6. Arfur

Erfðafjárskattur er 10%. Enginn erfðafjárskattur er greiddur af fyrstu kr. 1.500.000 í skattstofni nema um fyrirframgreiddan arf sé að ræða. Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði.

IV. Bætur

1. Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða við kaup á búseturétti skv. lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. eldri lögum, eiga rétt á vaxtabótum. Rétturinn stofnast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skattframtali. Þegar aðeins annað hjóna er skattskyld hér á landi eru vaxtabætur ákvarðaðar eftir þeim reglum sem gilda um hjón, að því gefnu að fyrir liggja upplýsingar um tekjur beggja.

Sérstakar reglur gilda til bráðabirgða um ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2014. Vaxtabætur eru vaxtagjöld að frádregnum 8,5% af samanlögðum tekjuskattstofni við ákvörðun vaxtabóta vegna tekna, eigna og skulda árið 2013. Bæturnar skerðast síðan hlutfallslega fari eignir að frádregnum skuldum fram úr kr. 4.000.000 hjá einstaklingi og kr. 6.500.000 hjá hjónum, uns þær falla niður við 60% hærrí fjárhæð. Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks.

Við ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2014 er viðmiðunarhlutfall hámarks-vaxtagjalda af skuldum 7% vegna tekna, eigna og skulda árið 2013.

Hámark vaxtagjalda og vaxtabóta:

	Vaxtagjöld 2013	Vaxtabætur 2014
Einstaklingur	800.000 kr.	400.000 kr.
Einstætt foreldri	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	1.200.000 kr.	600.000 kr.

Vaxtabætur sem eru lægri en kr. 5.000 á mann falla niður.

2. Barnabætur

Barnabætur árið 2014 eru greiddar vegna hvers barns innan 18 ára aldurs (f. 1996 eða síðar). Bæturnar eru tekjutengdar. Við ákvörðun barnabóta eru skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattsstofns hjóna kr. 4.800.000 og einstæðra foreldra kr. 2.400.000. Hlutföll skerðingar eru 3% með einu barni, 5% með tveimur börnum og 7% með þremur börnum eða fleirum. Til viðbótar barnabótum er greidd sérstök hækkun barnabóta að fjárhæð kr. 100.000 með öllum börnum yngri en sjö ára. Hækkunin er tekjutengd og skerðist um 3% með hverju barni. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en kr. 2.000 á hvert barn falla niður.

	2013		2014	
	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar
Með fyrsta barni	167.564 kr.	279.087 kr.	167.564 kr.	279.087 kr.
Með hverju barni umfram eitt	199.455 kr.	286.288 kr.	199.455 kr.	286.288 kr.
Hækkun vegna barna yngri en 7 ára	100.000 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.

Atvinnurekstur

1. Opinber gjöld

1. Tekjuskattur lögaðila vegna 2014

Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög	20%
Aðrir lögaðilar	36%

Stofn

Hreinar tekjur

2. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki	0,376%
---	--------

*Heildarskuldir
skv. framtali
umfram 50
milljarða króna*

3. Fjársýsluskattur

Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, o.fl.	5,5%
---	------

*Laun og þóknanir
fyrir störf*

4. Sérstakur fjársýsluskattur

Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög o.fl.	6%
--	----

*Tekjuskattsstofn
yfir 1 milljarð
króna*

5. Búnaðargjald

Álagning 2014	1,2%
-------------------------	------

*Velta búvöru-
framleiðenda*

6. Útvarpsgjald

Álagning 2014	kr. 19.400
-------------------------	------------

7. Gistináttaskattur

Árið 2014	kr. 100
---------------------	---------

*Seldar
gistináttaeiningar*

8. Tryggingagjald/Markaðsgjald

Til gjaldstofns teljast hvers konar laun og þóknanir, þ.á.m. móttframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðs. Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda teljast meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, ökutækjastyrkur, bifreiðaafnot o.þ.h., en þau skal reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati fjármálaráðherra. Greiðslur launagreiðenda vegna fæðingarorlofs mynda ekki stofn til tryggingagjalds nema þær fari yfir ákveðið hámark.

Tryggingagjald að meðtöldu markaðsgjaldi og ábyrgðargjaldi atvinnurekenda árið 2014:

Almennt gjaldstig	7,59%
Laun sjómanna	8,24%

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná ekki kr. 215.000 á árinu er gjaldanda heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega, að senda skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1/E-101 gilda sérstakar reglur, en þá greiðist aðeins hluti tryggingagjaldsins.

II. Afskriftarhlutföll og fyrningar

Árið 2014

Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar fyrir færri en 9 menn	
aðrar en leigubifreiðar	10-20%
Lofftör og fylgihlutir	10-20%
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki	10-30%
Borpallar, leiðslukerfi og annar búnaður til notkunar við rannsóknir og vinnslu kolefnis	10-30%
Skrifstofuáhöld og tæki	20-35%
Vélar, tæki, bifreiðar og annað lausafé, sem ekki fellur undir ofangreint ..	20-35%
Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarbyggingar	1-3%
Verksmiðju- og verkstæðisbyggingar, vörugeymslur o.fl.	3-6%
Gróðurhús, bryggjur og plön þeim tengd	6-8%
Borholur, raflinur og óvaranlegar vinnubúðir	7,5-10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum	15-20%
Keypt viðskiptavild	10-20%

Lausafjármunir eru afskrifaðir samkvæmt stiglækkandi fyrningum. Það felur í sér að fyrningarstofn eignarinnar er bókfært verð hennar, þ.e. stofnverð hennar að frádregnum áður fengnum fyrningum. Mannvirki, eyðanleg náttúruauðæfi, keypt viðskiptavild og keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum eru hins vegar afskrifuð samkvæmt línulegri fyrningu. Þá er fyrningarstofn eignarinnar upphaflegt kaupverð hennar. Eignir má aldrei fyrna meira en svo að 10% af stofnverði standi eftir sem niðurlagsverð eignar.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæða er undir kr. 250.000 er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Þá er heimilt að færa niður stofnkostnað á því ári sem viðkomandi eign myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, þ.á.m. aflaheimildir, er ekki heimilt að fyrna. Verðmæti slíkra réttinda er ekki heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum.

III. Önnur atriði er varða aðila í atvinnurekstri

1. Samsköttun

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að móðurfélag eigi a.m.k. 90% hlutafjár í dótturfélagi, að öll hlutafélögin hafi sama reikningsár, eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um stofnun eða slit á dótturfélagi er að ræða, og að samsköttunin standi að lágmarki í fimm ár. Samsköttun fellur niður með félagi sem tekið er til gjaldþrotaskipta eða slitameðferðar.

2. Stofn til staðgreiðslu af arði

Stofn til staðgreiðslu af arði telst arður af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum, þ.e. sú fjárhæð sem þau félög greiða, að undanteknum arði sem greiddur er á milli samskattaðra hlutafélaga, einkahlutafélaga eða samlagshlutafélaga.

3. Samskráning á virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög eða einkahlutafélög verði samskráð á virðisaukaskattsskrá. Skilyrði samskráningar eru þau sömu og fyrir samsköttun í tekjuskatti. Umsókn skal senda skattfyrvöldum ekki síðar en 8 dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til.

4. Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

Við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013 gildir að söluhagnaður vegna sölu fyrirtækis á hlutabréfum er frádráttarbær frá tekjum óháð eignarhluta og jöfnun taps. Frádrátturinn gildir bæði um sölu innlendra og erlendra hlutabréfa, þó þannig að ef um er að ræða sölu á erlendum hlutabréfum skal hagnaður hins erlenda félags vera skattlagður með svipuðum hætti og hjá íslenskum félögum og í skatthlutfalli sem ekki er lægra en almennt skatthlutfall í einhverju meðlimaríkja OECD eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Sölutap er ekki frádráttarbært til skatts. Sama gildir um söluhagnað félaga í sömu félagiformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga og eru heimilíföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kaupár

Útreikningur á skattskyldum söluhagnaði

1996 og fyrr	Mismunur á söluverði og kaupverði. Kaupverð í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað skv. verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
1997–2001	Mismunur á söluverði og kaupverði. Kaupverð í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
2002–2013	Mismunur á söluverði og kaupverði.

5. Arðstekjur hlutafélaga

Hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá frá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Hið sama gildir um móttekinn arð erlendis frá, hafi hagnaður hlutafélagsins, sem verið er að úthluta, verið skattlagður með svipuðum hætti og

gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, EES, EFTA eða í Færeyjum. Sama gildir um fjárhæð sem félög í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið greidda í arð.

6. Frádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu Rannís á rétt á frádrætti frá tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé kostnaðurinn frádráttarþær samkvæmt skattalögum. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera kr. 100.000.000 á rekstrarári en kr. 150.000.000 ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu. Frekari skilyrði eru fyrir frádrætti.

7. Breyting kröfu í hlutafé

Pegar kröfu er breytt í hlutafé í stað eftirgjafar telst það fullnaðargreiðsla hennar. Við skiptin skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins.

8. Eftirstöðvar rekstrartapa

Frá skattskyldum tekjum á rekstrarárinu 2013 (framtal 2014) er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum, enda hafi ekki orðið veruleg breyting á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á.

9. Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða telst vera með ráðandi stöðu í atvinnurekstri vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skal reikna sér til tekna ekki lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns, barna hans, venslamanna og nákominna ættingja, sem innt er af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds á mánuði árið 2014

(lágmarksviðmiðanir):

Flokkur A	Sérfræðipjónusta (8 flokkar): kr. 500.000-2.000.000
Flokkur B	Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta (6 flokkar): kr. 306.000-840.000
Flokkur C	Fjölmiðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi eða þjónusta o.fl. (7 flokkar): kr. 318.000-811.000
Flokkur D	Iðnaðarmenn (3 flokkar): kr. 245.000-405.000
Flokkur E	Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda (5 flokkar): kr. 196.000-369.000
Flokkur F	Sjómennska (5 flokkar): kr. 338.000-507.000
Flokkur G	Landbúnaður (6 flokkar): kr. 125.000-312.000
Flokkur H	Makar og nákomnir venslamenn (3 flokkar): kr. 170.000-509.000
	Börn (2 flokkar): kr. 102.000-118.000

10. Skattlagning vegna erlends eignarhalds í félögum og sjóðum á lágskattasvæðum

Ef skattaðili á beint eða óbeint 50% eða meiri eignarhlut í félagi eða sjóði á lágskattasvæði leiðir það til þess að hagnaður félagsins telst til atvinnurekstrar-tekna samkvæmt íslenskum reglum. Fjármálaráðherra hefur gefið út lista yfir lágskattasvæði og reglugerð nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.

IV. Virðisaukaskattur

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Þeir sem byggja íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði fá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiddan. Endurgreiðslan á einnig við um eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald húsnæðisins. Endurgreiðslan nær einnig til keyprar þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis. Endurgreiðsluákvæði þessi eru tímabundin og gilda til 1. janúar 2015.

2. Gjald vegna virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar

Sérstakt gjald að fjárhæð kr. 5.000 er lagt á hverja virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar virðisaukaskatts á viðkomandi skattaðila.

3. Fjárhæðamörk skráningarskyldu

Fjárhæðamörk þeirra sem eru skráningarskyldir vegna virðisaukaskatts eru kr. 1.000.000.

4. Synjun um skráningu á virðisaukaskattsskrá

Heimilt er að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu og opinber gjöld hans af þeim sökum áætluð.

5. Heimild til að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá sem sæta áætlun samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur. Ef skattaðili er skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá, skal hann nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár. Nýskráðum og endurskráðum aðilum ber einnig að haga skilum sínum á þennan hátt ef eigandi félags, framkvæmdastjóri eða stjórnar- maður þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

6. Takmarkanir á færslu innskatts

Heimild til færslu innskatts er háð því að viðsemjandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað.

Aðrar upplýsingar

Vísitölur¹

	Jan 2013	Jan 2014	Breyting
Byggingarvísitala	580,2	596,3	+2,8%
Lánskjarvísitala	7.937	8.228	+3,7%
Neyslúvísitala til verðtryggingar	402,0	416,7	+3,7%

Tvísköttunarsamningar

Í eftirfarandi töflu má finna þau ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við. Í töflunni eru ennfremur upplýsingar um afráttarskatthlutfall á arði sem félag heimilisfast í öðru samningsríkinu greiðir félagi í hinu samningsríkinu og um lækkað afráttarskatthlutfall. Neðangreind skatthlutföll gilda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en ekki gefst kostur á að birta þau öll hér. Í töflunni má ennfremur sjá afráttarskatthlutfall vaxta og þóknana (e. royalties).

Land	Arður Einst./Fyrirt.	Eignarhaldsf. ²	Vextir	Þóknanir
Bandaríkin	15%	5%	0%	0 / 5% ³
Barbados	15%	5%	10%	5%
Belgía	15%	5%	10%	0%
Bretland	15%	5%	0%	0%
Eistland	15%	5%	10%	5% / 10% ⁴
Frakkland	15%	5%	0%	0%
Grikkland	15%	5%	8%	10%
Grænland	15%	5%	0%	15%
Holland	15%	0%	0%	0%
Indland	10%	—	10%	10%
Írland	15%	5%	0%	0% / 10% ⁴
Ítalía	15%	5%	0%	5%
Kanada	15%	5%	10%	0% / 10% ⁴
Kína	10%	5%	10%	10%
Króatía	10%	5%	10%	10%
Suður-Kórea	15%	5%	10%	10%
Lettland	15%	5%	10%	5% / 10% ⁴
Lítháen	15%	5%	10%	5% / 10% ⁴
Lúxemborg	15%	5%	0%	0%
Malta	15%	5%	0%	5%
Mexíkó	15%	5%	10%	10%
Norðurlönd ⁵	15%	0%	0%	0%
Portúgal	15%	10%	10%	10%
Pólland	15%	5%	10%	10%
Rúmenía	10%	5%	3%	5%
Rússland	15%	5%	0%	0%
Slóvakía	10%	5%	0%	10%
Slóvenía	15%	5%	5%	5%
Spánn	15%	5%	5%	5%
Svíss	15%	5%	0%	0%
Tékkland	15%	5%	0%	10%
Ungverjaland	10%	5%	0%	10%
Úkraína	15%	5%	10%	10%
Víetnam	15%	10%	10%	10%
Þýskaland	15%	5%	0%	0%

- ¹ Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.
- ² Til þess að fyrirtæki fái notið þessa skatthlutfalls þarf viðtakandi arðgreiðslu að eiga lágmarks eignarhlut í fyrirtækinu. 25% eignarhlut þarf til í flestum löndum, en 10% eignarhlutur nægir í tilviki Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Ítalíu, Kanada, Möltu, Mexíkó og Norðurlanda.
- ³ Lægri talan á við um afnot af vörumerki og upplýsingum sem látnar eru í té í tengslum við það ásamt kvikmyndum sem fjölfaldaðar eru á filmu og eru ætlaðar til notkunar í tengslum við sjónvarp.
- ⁴ Lægri talan á við um tækjaleigu.
- ⁵ Tvísköttunarsamningur við Danmörku, Finnland, Færeyjar, Noreg og Svíþjóð.

Upplýsingaskiptasamningar

Samningar eru í gildi um upplýsingaskipti um skattamál við stjórnvöld á Panama, Cayman-eyjum, Mön, Guernsey, Jersey, Mónakó, Bermúdaeyjum, Bresku Jómfrúareyjum, Arúba, Hollensku Antillur, Angvilla, Cooks-eyjum, Gíbraltar, Samóa, Turks- og Caicos-eyjum, San Marínó, Andorra, Bahamaeyjum, Antígva og Barbúda, Belís, Liechtenstein, Makaó og Barein, ásamt samningum um að komast hjá tvísköttun einstaklinga hvað varðar skatta á tekjur og fyrirtæki sem reka skip eða loftför í flutningum á alþjóðaleiðum, og um gagnkvæmt samkomulag í tengslum við leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja.

Ýmsar breytingar sem hafa áhrif á árinu 2014

Tekjuskattur einstaklinga

Fjárhæðamörk skattþrepa einstaklinga taka breytingum í upphafi árs í réttu hlutfalli við hækkun launavísitölu síðustu 12 mánaða, nú um 6,1%. Fyrsta þrep staðgreiðslu var hækkað sérstaklega um 20% á milli ára. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 4,2%.

Auðlegðarskattur

Bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga um auðlegðarskatt var ekki framlengt og verður skatturinn því ekki lagður á við álagningu 2015.

Eftirgjöf skulda einstaklinga utan atvinnurekstrar – framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar veðskulda einstaklinga og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2014.

Arður til starfandi hluthafa

Felldar eru brott sérstakar reglur um að ef úthlutun arðs til starfandi hluthafa fer yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félags teljist það sem umfram er til helminga laun og arður.

Vaxtatekjur einstaklinga

Frítækjumark vaxtatekna einstaklinga hækkar úr kr. 100.000 í kr. 125.000.

Tekjur barna

Frítækjumark barna hækkar úr kr. 100.745 í kr. 180.000.

Afleiðusamningar

Tekjur af afleiðusamningum skal meðhöndla sem söluhagnað eða –tap en ekki sem vaxtatekjur. Staðgreiðsla af söluhagaði afleiðusamninga fellur því brott og heimilt er að jafna saman hagnaði og tapi af sölu afleiðusamninga á tekjuárinu.

Frádráttur á móti ökutækjastyrk

Frádráttur á móti ökutækjastyrk miðast nú við tiltekin fjárhæðarmörk á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda en áður var miðað við rekstarkostnað ökutækis ásamt hlutfallslegri árlegri afskrift. Nú er það skilyrði fyrir frádrættinum að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst, ásamt því að akstursdagbók hafi verið færð. Felld var brott sérstök regla um að þegar akstur launþega fór ekki yfir 3.000 km þá væri ekki krafist sundurliðunar á rekstarkostnaði, enda miðast frádrátturinn ekki lengur við kostnað við rekstur ökutækja heldur við heildarakstur.

Reiknað endurgjald

Maður skal reikna sér endurgjald fyrir starf á vegum lögaðila m.a. þegar hann vinnur við atvinnurekstur lögaðila, t.d. sameignarfélags, samlagsfélags, samlagshlutafélags, einkahlutafélags eða hlutafélags, þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila. Áður var miðað við að hver um sig ætti 20% í lögaðilanum og áttu reglurnar ekki við um samlagsfélög eða samlagshlutafélög.

Milliverðlagning í viðskiptum tengdra aðila

Lögfest hafa verið ákvæði um milliverðlagningu sem veita yfirvöldum heimild til að meta og leiðréta verð eða skilmála í viðskiptum tengdra lögaðila ef þau eru ekki sambærileg því sem almennt gerist á milli ótengdra aðila. Tekið skal mið af reglum milliverðlagningar OECD. Skilgreint er hverjir teljast tengdir lögaðilar í þessum skilningi og skylda er lögð á tiltekna lögaðila að skrá upplýsingar um eðli, umfang og verð viðskipta við tengda aðila og varðveita ýmis gögn í því samhengi.

Samruni yfir landamæri

Lagt er til að tekjuskattur verði lagður á óinnleystan hagnað sem hefur orðið til hér á landi við samruna lögaðila yfir landamæri, en veittur er allt að 5 ára greiðslufrestur á skattinum sé þess óskað.

Eftirgjöf skulda rekstraraðila - framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar skulda rekstraraðila vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2014.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Skattstofninn verður skuldir aðila umfram 50 milljarða króna en var áður heildarskuldir samkvæmt skattframtali. Skattskylda nær nú til fjármálafyrirtækja í slitameðferð og hækkar skatthlutfallið úr 0,1285% í 0,376%.

Fjársýsluskattur

Almennur fjársýsluskattur sem reiknaður er af launum og hlunnindum fjármálafyrirtækja lækkar úr 6,75% í 5,5%.

Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands

	Kaup	Sala	Mið	Kaup	Sala	Mið	Breytingar
	31.12.13	31.12.13	31.12.13	30.12.12	30.12.12	30.12.12	m.v. sölugengi
USD	114,76	115,3	115,03	128,43	129,05	128,74	-11,93%
GBP	189,75	190,67	190,21	207,65	208,65	208,15	-9,43%
DKK	21,186	21,31	21,248	22,694	22,826	22,76	-7,11%
NOK	18,863	18,975	18,919	22,975	23,111	23,043	-21,80%
SEK	17,897	18,001	17,949	19,7	19,816	19,758	-10,08%
CHF	128,83	129,55	129,19	140,25	141,03	140,64	-8,86%
CAD	107,75	108,39	108,07	128,98	129,74	129,36	-19,70%
JPY	1,0923	1,0987	1,0955	1,4908	1,4996	1,4952	-36,49%
SDR	176,81	177,87	177,34	197,4	198,58	197,99	-11,64%
EUR	158,06	158,94	158,5	169,33	170,27	169,8	-7,13%

Meðaltal miðgengis árið 2013

USD	GBP	DKK	NOK	SEK	CHF	CAD	JPY	SDR	EUR
122,23	191,22	21,773	20,83	18,776	131,91	118,72	1,2561	185,78	162,38

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity.

Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte has in the region of 200,000 professionals, all committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.

Skrifstofur og samstarfsaðilar

Skrifstofur

Höfuðborgarsvæðið, Smáratorgi 3, Kóp.	sími: 580 3000
Akureyri	sími: 580 3380
Egilsstaðir	sími: 580 3400
Grundarfjörður	sími: 580 3440
Neskaupstaður	sími: 580 3410
Reykjanesbær	sími: 580 3460
Snæfellsbær	sími: 580 3430
Vestmannaeyjar	sími: 580 3370

Samstarfsaðilar Deloitte ehf.

Bókhaldsstofan ehf.	sími: 470 8800
Bolungarvík	sími: 450 7900
Ísafjörður	sími: 450 7910
LOCAL lögmenn sf.	sími: 527 9700

Upplýsingar þær sem fram koma í bæklingi þessum eru unnar upp úr gildandi lögum og reglum í upphafi árs 2014. Upplýsingarnar eru almenns eðlis og er ekki ætlað að vera tæmandi upplýsingagjöf. Við hvetjum þig til að leita faglegrar aðstoðar við úrlausn skattamála. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Deloitte ehf. Þar er meðal annars hægt að finna útgefna skýrslur og erindi um ýmis mál af vettvangi skattaréttar.

Þá bendum við á eftirfarandi heimasíður sem hafa að geyma frekari upplýsingar um skatta og málefni er tengjast þeim: www.rsk.is, www.yskn.is, www.hagstofa.is og www.tollur.is.

Deloitte ehf. er hluti af Deloitte Touche Tohmatsu Limited, sem er eitt af fremstu fyrirtækjum í heimi á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Á alþjóðavísu starfa um 200.000 manns í yfir 150 löndum hjá Deloitte með það að markmiði að leiða viðskiptavinum sínum til forystu. Á Íslandi starfa um 200 manns hjá félaginu. Deloitte ehf. býður fyrirtækjum og einstaklingum víðtæka þjónustu og ráðgjöf á sviði fyrirtækjareksturs, m.a. endurskoðun, áhættuþjónustu, reikningsskil, fjármálaráðgjöf og skatta- og lögfræðiráðgjöf.